

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Loðnuvinnsluna hf., Fáskrúðsfirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Loðnuvinnsluna hf., Fáskrúðsfirði, kt. 610994-2109. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2002.

*Reykjavík, 21. janúar 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

---

*Ólafur Pétursson.*

21. janúar 1999

Nr. 71

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Snæfell hf., fiskmjölsverksmiðju, Sandgerði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Snæfell hf., fiskmjölsverksmiðju, Sandgerði, kt. 480797-2729. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 1999.

*Reykjavík, 21. janúar 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

---

*Ólafur Pétursson.*

28. janúar 1999

Nr. 72

## REGLUGERÐ

### um varasjóð viðbótarlána.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

#### Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til varasjóðs, skv. X. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem starfar í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Skal sjóðurinn bæta einstök tjón, sem Íbúðalánasjóður verður fyrir, vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán.

Íbúðalánasjóður varðveitir varasjóðinn og skal hann aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.